

Hafnarfjörður - fræðslu- og frístundapjónustan  
Starfshópur um starfsaðstæður grunnskólakennara  
Maí 2017

# Tillögur starfshóps

Unnar í samhengi við bókun 1 í kjarasamningi SNS og FG í desember 2016  
sem umbótaáætlun fyrir alla grunnskóla Hafnarfjarðar

HAFNARFJÖRÐUR  
1. JÚNÍ 2017

## Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	2
Inngangur.....	3
Vinnulag starfshópsins og vinnubrögð .....	4
Tillögur starfshópsins.....	5
1 AÐBÚNAÐUR, KENNSLUGÖGN OG VIÐHALD HÚSNÆÐIS.....	6
Tillaga 1.1: Starfsaðbúnaður og -aðstaða verði til fyrirmyndar.....	6
Tillaga 1.2: Hádegisverður verði frír fyrir kennara.....	6
2 STOÐPJÓNUSTA.....	7
Tillaga 2.1: Meira fjármagn komi vegna nemenda með sérþarfir .....	7
3 NEMENDAMÁL .....	8
Tillaga 3.1: Hver skóli viðhafi sértækt hegðunarúrræði á grunni SMT-skólafærni.....	8
Tillaga 3.2: Skýrar reglur séu um stafræna tækjanotkun í skólum .....	9
4 FORELDRAPÁTTUR.....	10
Tillaga 4.1: Stefna um samskipti heimilis og skóla.....	10
5 VINNUMAT KENNARA.....	11
Tillaga 5.1: Skráningar í Vinnustund séu endurskilgreindar .....	11
Tillaga 5.2: Sameiginlegur skilningur og útfærsla á B-hluta vinnumats.....	11
Tillaga 5.3: Allir skólar fái árlega sérstakt fjármagn til skólapróunar .....	12
6 TEYMISVINNA - B hluti vinnumats.....	13
Tillaga 6.1: Teymisvinna í skólum og hlutverk kennara í teymum verði endurskilgreint .....	13
7 STARFSÞRÓUN (endurmenntun, kennsla, undirbúningur).....	14
Tillaga 7.1: Starfsþróun kennara verði endurskilgreind .....	14
Tillaga 7.2: Hafnarfjarðarbær geri kennarastarfið meira aðlaðandi með því að laun endurspegli ábyrgð, umfang og menntun kennara .....	14
Tillaga 7.3: Kennarar og skólastjórnendur fái aukinn stuðning við álagi.....	15
8 UTANAÐKOMANDI VERKEFNI (sem er sett á skólana) .....	16
Tillaga 8.1: Hafnarfjarðarbær geri kröfu um að utanaðkomandi skylduverkefni til skólann séu vel undirbúin. ....	16
Tillaga 8.2: Skrifstofa fræðslu- og frístundaþjónustunnar undirbúi verkefni í tíma .....	16
Tillaga 8.3: Takmörkun á aðgengi utanaðkomandi að skólastarfinu .....	17
9 ANNAÐ.....	18
Tillaga 9.1: Sameiginlegur samráðsvettvangur sé á milli kennara og skrifstofu fræðslu- og frístundaþjónustu Hafnarfjarðar .....	18



## Inngangur

Það plagg sem hér liggur fyrir er greinargerð með tillögum starfshóps til að bæta starfsaðstæður kennara í grunnskólum Hafnarfjarðar. Tilurð greinargerðarinnar er óánægja kennaranna með kjör sín og starfsaðstæður í aðdraganda kjarasamninga þeirra árið 2016. Þá hófst samtal á milli bæjaryfirvald og fulltrúa kennara, trúnaðarmanna í hverjum skóla, á haustmánuðum 2016. Í kjarasamningi FG og Sambands íslenskra sveitarfélaga í desember 2016 var gerð sérstök bókun sem miðaði að því að fram færi samræða í skólum um hvað mætti gera til að draga úr álagi og leggja meiri áherslu á kennsluþáttinn í kennarastarfinu.

Þessi starfshópur er tilkominn í framhaldi ofangreindrar umræðu. Honum var sett erindisbréf (sjá viðauka). Í starfshópinn voru skipaðir:

- Fanney Dóróthe Halldórsdóttir, sviðsstjóri fræðslu- og frístundaþjónustu
- Berglind G. Bergþórsdóttir, mannauðsstjóri Hafnarfjarðarbæjar
- Leifur S. Garðarsson, skólastjóri Áslandsskóla
- Kristinn Guðlaugsson, skólastjóri Hvaleyrarskóla
- Valdimar Víðisson, skólastjóri Öldutúnsskóla
- Rósa Lyng Svavarsdóttir, Áslandsskóla
- Birgir Örn Birgisson, Hraunvallaskóla
- Margrét Össurardóttir, Hvaleyrarskóla
- Margrét Sigríður Þórisdóttir, Lækjarskóla
- Halldóra Benónýsdóttir, Setbergsskóla
- Sigríður Sigurðardóttir, Víðistaðaskóla
- Tinna Haraldsdóttir, Öldutúnsskóla

Vigfús Hallgrímsson, þróunarfulltrúi grunnskóla á skrifstofu fræðslu- og frístundaþjónustu Hafnarfjarðar, var skipaður starfsmaðurs hópsins sem skyldi halda utan um fundarboðun, fundargerðir og tillögugerð starfshópsins.

Starfshópurinn hélt alls níu fundi og vann eftir ákveðnu skipulagi sem sjá má á næstu síðu.

Starfshópurinn fékk það verkefni að vinna tillögur skólanna fyrir bæinn í heild á meðan umbótaáætlanir skólanna tækju á þáttum sem ætti sérstaklega við hvern og einn skóla. Samhliða starfi starfshópsins yrðu því unnar umbótaáætlanir í hverjum grunnskólum í samræmi við bókun 1 í kjarasamningi KÍ og Sambands íslenskra sveitarfélaga í desember 2016. Í tengslum við starf vinnuhópsins var útbúin sérstök spurningakönnun sem lögð var rafrænt fyrir kennarana í apríl 2017. Svörun var 60% og eru niðurstöður könnunarinnar hafðar til hliðsjónar við tillögugerðina og umbótaáætlanir í skólunum. Niðurstöður spurningakönnunarinnar eru ekki kynntar að öðru leyti hér og eru í sérstöku skjali sem er fylgiskjal þessarar greinargerðar.

Áður en kemur að tillögum starfshópsins er verkla vinnunnar sem er skýrt í stuttu máli hér í framhaldi:



## Vinnulag starfshópsins og vinnubrögð

Mán.	Starfshópur (trúnaðarmenn og bæjaryfirvöld)	Vinna í grunnskólum – rýnihópur og umbótaáætlun
Janúar	<p><b>Mánudagur</b> 9. janúar Kl. 8.30-10</p> <p><b>Verklag yfirfarið og hugmyndavinna hefst</b></p> <p>Niðurstaða um verkáætlun/verklag og opnuð umræða um greiningu á stöðu („vandi“/“krefjandi verkefni“ sem þarf að leysa).</p>	
	<p><b>Fimmtudagur</b> 26. janúar Kl. 11-12</p> <p><b>Greiningarvinna heldur áfram og efni flokkað</b></p> <p>Hugmyndavinnu og flokkun hugmynda lýkur sem grunnur að tillögugerð.</p>	
Febrúar	<p><b>Fimmtudagur</b> 16. febrúar Kl. 8.10-9.30</p> <p><b>Tillögugerð hefst (út frá hugmyndaflökkum)</b></p> <p>Farið yfir vegvís og vinnu í skólum. Unnið að tillögum í tveimur/þremur hópum (hugmyndaflökkum skipt á hópa).</p>	<b>Stofnaður 3 – 5 manna starfshóps í hverjum skóla (a.m.k. 3-5 kennarar). Þverskurður af kennarahópnum</b>
Mars	<p><b>Mánudagur</b> 6. mars Kl. 13-14.30</p> <p><b>Tillögugerðarvinna</b></p> <p>Unnið áfram að tillögum í hópum.</p>	<b>Starfshópur hvers skóla gerir tillögu að úrbótum úr frá sínum skóla og svarar spurningum Vegvísis. Ljúki ekki síðar en 25. mars og skilað trúnaðarmanni:</b>
	<p><b>Fimmtudagur</b> 30. mars Kl. 10.30-11.30</p> <p><b>Fyrstu drög að tillögum liggja fyrir</b></p> <p>Tillögur hópa fara í sameiginlega vinnu í sameiginleg tillögudrög og fer í framhaldi fundar til umræðu í skólunum.</p> <p>Spurningakönnun lögð fyrir kennara um álagsþætti?!</p>	<p>a. Hvernig tókst framkvæmd vinnumats?</p> <p>b. Hvað gekk vel og hvað má betur fara?</p> <p>c. Er sátt um starfumhverfið/vinnuumhverfið?</p> <p>- Hvað er gott við starfumhverfið/vinnuumhverfið og hvað má betur fara?</p> <p>d. Hvernig tryggjum við að kennsla og undirbúningur séu forgangsverkefni?</p> <p>e. Er álag á kennara of mikið?</p> <p>- Hverjir eru helstu álagsþættirnir og hvað má gera til að draga úr álagi?</p>
Apríl	<p><b>Miðvikudagur</b> 19. apríl Kl. 11-12</p> <p><b>Tillögur endurskoðaðar og LOKADRÖG klár</b></p> <p>Tillögur fullgerðar í lokadrög sem fari í yfirlestur/umhugsunarferli og gerð umbótaáætlunar fyrir hvern skóla.</p>	<b>Starfshópur hvers skóla vinnur umbótaáætlun fyrir sinn skóla á grunni sameiginlegrar tillagna, þ.e. mögulega skólastjórnendur og kennarar.</b>
Mái	<p><b>Þriðjudagur</b> 9. maí Kl. 9-11</p> <p><b>Komist að niðurstöðu með tillögur sem verði lagðar fram í nafni starfshópsins.</b></p>	<b>Starfshópurinn sameinast um tillögur.</b>
	<p><b>Þriðjudagur</b> 16. maí Kl. 9-10</p> <p><b>Tillögur samþykktar</b></p> <p>Starfshópurinn samþykkir tillögur/ aðgerðir í lokaskýrslu til fræðsluráðs Hafnarfjarðar. Yfirlestur skýrslu tekur við áður en skýrslu er skilað fyrir lok skólaársins.</p>	<b>Umbótaáætlun kynnt öllum kennurum skólans til samþykkt innán hvers skóla og send til sviðsstjóra.</b>
Júní	<p><b>Fimmtudagur</b> 1. júní</p> <p><b>Lokaskýrsla með tillögum lögð fram til úrvinnslu</b></p>	<b>Sviðið sendir umbótaáætlun byggða á tillögum hvers skóla, vinnu starfshóps trúnaðarmanna (og könnun um álagsþætti?) til samstarfsnefnd KÍ og Sambandsins. Hver skóli leggur fram sína tillögu út frá sínu starfumhverfi.</b>



## Tillögur starfshópsins

Efni þessarar greinargerðar er tillögur starfshóps um starfsaðstæður kennara í grunnskólum Hafnarfjarðar. Tillögur voru unnar á vormisseri 2017 eftir ákveðnu vinnulagi sem kynnt er á fyrri síðu. Lagt var upp með að setja fram skýrar samræmdar tillögur í knöppu formi:

<b>Tillaga</b>	Skilgreint á stuttan og skýran hátt hver tillaga er til að
<b>Rökstuðningur fyrir tillögunni</b>	Ætlað til að leggja fram röksemdir fyrir tillögunni og skýra hana frekar.
<b>Framkvæmd tillögu</b>	Kynnir afleiðingu tillögu, þ.e. nauðsynlegar bjargar til að tillaga geti náð fram að ganga, t.d. fjármagn, aðstaða, skipulag (verklagsreglur) o.fl.

Tillögurnar eru settar fram í sérstakri röð eftir flokkun starfshópsins. Í upphafi sóttu trúnaðarmenn sjónarmið til kennara skólanna. Þær upplýsingar voru síðan flokkaðar í níu flokka:

- 1 AÐBÚNAÐUR, KENNSLUGÖGN OG VIÐHALD HÚSNÆÐIS
- 2 STOÐÞJÓNUSTA
- 3 NEMENDAMÁL
- 4 FORELDRAPÁTTUR
- 5 VINNUMAT KENNARA
- 6 TEYMISVINNA - B hluti vinnumats
- 7 STARFSÞRÓUN (endurmenntun, kennsla, undirbúningur)
- 8 UTANÁÐKOMANDI VERKEFNI (sem er sett á skólana)
- 9 ANNAÐ

Í framhaldi flokkunarinnar voru gerðar einstakar tillögur. Eins og vera vill voru tillögurnar mis margar eða ítarlegar eftir ólíkum flokkum eins og tilefni þótt gefa til. Miðað var að því við tillögugerðina var að þær væru skýrar og einfaldar og mikilvægar fyrir kennara. Þærgæfu möguleika á að bæta starfsaðstæður kennara við grunnskóla Hafnarfjarðar. Tillögurnar eru ekki að öllu leyti útfærðar eða kostnaðargreindar þar sem þær eru margvíslegar og ólíkar að efni og innihaldi, þ.e. sumar útheimta ákveðna fagvinnu og aðrar æskja sérstaks fjármagns. Tillögunum þarf sjálfsagt að forgangsraða. Þar hafa bæjaryfirvöld í Hafnarfirði ábyrgð á að koma þeim í framkvæmd.

Tillögurnar koma hér í framhaldi:



FLOKKUR 1

I AÐBÚNAÐUR, KENNSLUGÖGN OG VIÐHALD HÚSNÆÐIS

Tillaga 1.1: Starfsaðbúnaður og -aðstaða verði til fyrirmyndar

Tillaga 1	<i>Starfsaðbúnaður og -aðstaða verði til fyrirmyndar</i>
<b>Rökstuðningur fyrir tillögunni</b>	<p><i>Kennarar telja mikilvægt að húsnæði og aðstaða sé í góðu lagi.</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Viðhald og þrif skólahúsnæðis sé með markvissum hætti og brugðist sé við á skilvirkan hátt.</li> <li>• Útbúin verði tímasett áætlun um viðhald og endurnýjun húsbúnaðar (m.a. tölvukosts).</li> <li>• Umsjónarmaður skólahúsnæðis verði starfsmaður skóla, þ.e. lúti stjórn skólastjóra.</li> <li>• Fullnægjandi aðbúnaður sé á útstöðvum (íþróttahúsum og sundlaugum sem aðrir en bærinn rekur) sé sambærilegur við það sem er í húsnæði skólanna.</li> <li>• Skilgreina viðmið um aðbúnað (t.d. um áhöld í íþróttakennslu) sem birtist í skýrum búnaðarlistum sem alls staðar er framfylgt.</li> <li>• Skortur á viðunandi kennslugögnum skv. upplýsingum frá kennurum.</li> <li>• Hávaði í skólastarfi og þörf á að draga úr hávaða og bæta hljóðvist.</li> </ul>
<b>Framkvæmd tillögu</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Gerð verði áætlun til nokkurra ára með viðeigandi þáttum í viðhaldi skóla, endurnýjun kennslubúnaðar og leikaðstöðu í skólalóðum sem fá forgang í fjárhagsáætlunum bæjarins með víðtæku samstarfi alls skólasamfélagsins.</li> <li>• Þarfagreining fari fram innan hvers skóla um búnað og aðstöðu.</li> <li>• Samráð sé við kennara við val á kennslugögnum.</li> </ul>

Tillaga 1.2: Hádegisverður verði frír fyrir kennara

Tillaga	<i>Hádegisverður verði frír fyrir kennara</i>
<b>Rökstuðningur fyrir tillögunni</b>	<p><i>Kennslan er erilsöm og tími milli kennslustunda (frímínútur, hádegishlé) er knöpp og oft trufluð af ýmsum þáttum í skólastarfinu. Tillaga um að meta það álag með því að hádegismatur sé frír fyrir kennara.</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Það er kjarabót.</li> <li>• Það eykur starfsánægju að hafa kost á máltíð á hverjum degi.</li> </ul>
<b>Framkvæmd tillögu</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Heitur hádegisverður verði framreiddur í skóla á hverjum skóladegi.</li> </ul>



## FLOKKUR 2

## 2 STÖÐÞJÓNUSTA

## Tillaga 2.1: Meira fjármagn komi vegna nemenda með sérþarfir

Tillaga	<i>Meira fjármagn komi vegna nemenda með sérþarfir</i>
<b>Rökstuðningur fyrir tillögunni</b>	<p><i>Skóli án aðgreiningar er stórt verkefni og framkvæmd þess hefur mikil áhrif á störf kennara, ekki síst álag í starf í því að kennarar vilja að allir nemendur nái sem mestum.</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Ábendingar frá kennurum og starfshópi komu fram um að skilgreina þyrfti betur þarfir nemenda þannig að hægt sé að veita fullnægjandi þjónustu og í takt við þarfirnar.</li> <li>• Hafnarfjarðarbær veiti nemendum með alvarlega hegðunarerfiðleika sérfræðiaðstoð við hæfi.</li> <li>• Styrkja þarf stöðþjónustuna og efla þjónustu við nemendur með margvíslegri aðstoð, t.d. frá sálfræðingum, þroskaþjálfum, sérkennurum, félagsráðgjöfum, talmeinafræðingum og kennsluráðgjöfum eftir atvikum.</li> <li>• Bæta þarf úrræði fyrir nemendur með sérþarfir og efla stuðning við nýbúa og tvítýngd börn. Einnig bráðger/hæfileikarík börn.</li> <li>• Það vantar sálfræðing í fullt starf í skólana sem geta unnið áfram með nemendum og þeirra mál. Það verði hluti af verkferlum sálfræðinga að þeir skoði nemendur í raunaðstæðum. Lögð sé áhersla á að sálfræðingurinn fylli ekki bara út gátlista, heldur dýpki skilning sinn með því að kynna sér aðstæður barnsins.</li> <li>• Velt upp hvort þörf sé á aukinni kennsluráðgjöf.</li> <li>• Skerpa skil á milli heilsugæslu/heilbrigðiskerfis og skólans og meiri samvinnu þar á milli.</li> <li>• Auka þarf stuðning við nemendur sem eru að glíma við geðrænar raskanir.</li> <li>• Skilgreina og vera á ljóst í hverju sjálfstæði skóla er fólgið til að ábyrgð á málefnum skóla og einstakra nemenda sé alltaf ljós.</li> <li>•</li> </ul>
<b>Framkvæmd tillögu</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Haustið 2017 verði kortlagt hve margir nemendur fá aðstoð við hæfi og kannað verði hversu hátt hlutfall þarf meiri aðstoð.</li> <li>• Auka fjármagn í sérkennslu og ráða menntaða sérkennara í sérkennsluna í hverjum skóla.</li> <li>• Skilgreina þarf sérþarfir einstakra nemenda oig úthluta fjármagni til skóla þeirra í samræmi við það.</li> <li>• Skoða þarf stærð bekkja með tilliti til nemenda með sérþarfir og álag því tengdu, sérstaklega að bekkir verði ekki of stórir á yngsta stigi. Huga vel að stuðningi við kennara í 1. bekkjum.</li> </ul>



FLOKKUR 3

3 NEMENDAMÁL

Tillaga 3.1: Hver skóli viðhafi sértækt hegðunarúrræði á grunni SMT-skólafærni

Tillagan	<i>Hver skóli viðhafi sértækt hegðunarúrræði á grunni SMT-skólafærni</i>
<p><b>Rökstuðningur fyrir tillögnum</b></p>	<p><i>Tillagan miðar að því að hafa skýr viðmið um hegðun/atferli í skólastarfi svo skólastarf geti gengið sem best og allir fá notið bestu menntunar.</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Þörf er á ítarlegri fagvinnu með hegðunarvanda og agabrot í því augnamiði að efla jákvæða hegðun, vinna gegn ofbeldi, styrkja bekkjarstjórnun og vinna gegn brottfalli í skóla.</li> <li>• Slíkt hegðunarverkefni verður að vera í tengslum við SMT-skólafærni innan skóla og er til að styrkja það verkefni, þ.e. að flytja það verkefni að hluta frá skólastjórnendum yfir á sérhæfða starfsmenn í skóla. Mikilvægt að slíkt verkefni miði ekki að því að búa til varanleg úrræði fyrir einstaka nemendur utan bekkjar heldur að tryggja að hann geti stundað nám sem mest inn í bekk.</li> <li>• Slíkt verkefni eykur kennslufræðilegan stuðning við bekkjarkennslu með því að hafa möguleika að bregðast hraðar og markvissar við hegðunarvanda sem truflar kennslu.</li> <li>• Tillagan styrkir PMTO verkefnið í skólaþjónustu við grunnskóla, þ.e. færir það lengra og gefur skólunum aukna möguleika að fylgja málum einstakra nemenda betur eftir. Þessi tillaga er því samhæfð við PMTO- foreldrafærni verkefnið innan skólaþjónustu sveitarfélagsins við grunnskóla sem eflir þróun þess og styrkir.</li> <li>• Það sjónarmið er í gangi að þörf sé að styrkja SMT-skólafærni verkefnið í einstaka skólum varðandi eftirfylgni í því að skólar nýti sér öll verkfæri eftir að innleiðingu er lokið, t.d. nýir kennarar þekki vel til þess, samstaða sé innan skóla að nýta verkefna, foreldrar fái stöðugt kynningu og þjálfun og nýta SMT verkfærin til fullnustu.</li> </ul>
<p><b>Framkvæmd tillögu</b></p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Tillagan leiðir til þess að sérstaks fjármagns verði þörf (til viðbótar nema þá að það komi niður á námsstuðningi við aðra nemendur sé nýtt fjármagn sem þegar er til staðar) í skóla til að byggja upp úrræði/ verkfæri innan skóla.</li> <li>• Tillagan ýtir undir það að mæta sérstaklega ákveðnum nemendahópi með sínar sérþarfir sem kennarar upplifa að séu truflandi í skólastarfinu og komi í veg fyrir að kennslan sé eins góð og hún geti verið.</li> <li>• Tillagan er liður í að styrkja SMT-skólafærni verkefni skólans, t.d. með því að ráða SMT-verkefnastjóra í skóla (50-100% starf eftir stærð skóla) sem bæri yfirábyrgð á framkvæmd þess verkefnis innan skóla og væri hluti af stjórnendateymi skóla. Hann væri einnig með yfirumsjá SMT-teymis og lausnateymis skóla, yfirumsjá úrræðabanka, vinna í einstaka málum með kennurum – auk annarra starfsmanna sem slíkt verkefni þyrfti. Sinnti einnig foreldrafræðslu í auknum mæli (kynningar, námskeið, fræðsluefni o.þ.h.)</li> </ul>





Tillaga 3.2: Skýrar reglur séu um stafræna tækjanotkun í skólum

Tillaga	<i>Skýrar reglur séu um stafræna tækjanotkun í skólum</i>
<b>Rökstuðningur fyrir tillögunni</b>	<p><i>Tillagan miðar að því að stafræn tækjanotkun í skólum (tæki skóla eða nemenda sjálfra) miði að því að tækjanotkun efli skólastarfið og trufla ekki kennslu og starfshætti kennara. Það þurfi skýrari reglur og markmið um síma og spjaldtölvum í samræmt form í grunnskólum Hafnarfjarðar sem hafi skýrar afleiðingar (viðurlög ef svo ber við). Nokkur atriði mætti hér nefna:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Nemendur einangrast með símana.</li> <li>• Einelti er talið hafa aukist með tilkomu aukinnar notkunar nemenda á snjallsímum.</li> <li>• Meiri truflun fyrir (sam)nemendur og kennara.</li> <li>• Minni félagsleg samskipti nemenda sem bitnar á hegðun í kennslustofu – þurfa þá að tala meira saman sem getur verið truflandi fyrir kennslu og nám</li> <li>• Nemendur taka myndir af kennurum og öðrum nemendum án leyfis og virða þannig ekki friðhelgi og persónuvernd.</li> </ul>
<b>Framkvæmd tillögu</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Þörf er á samhæfðum grunnreglur fyrir bæinn sem hver skóli útfærir. Finna þarf verklag til að útfæra þær, t.d. starfshóp sem skipaður er fulltrúum allra aðila skólasamfélagsins og frá skrifstofu fræðslu- og frístundapjónustunnar.</li> <li>• Reglurnar verði kynntar vel í hverjum skóla fyrir öllu skólasamfélaginu</li> <li>• Reglunum framfylgt með tilheyrandi viðurlögum og væntanlega skilgreind sem hluti af skólareglum.</li> </ul>



FLOKKUR 4

4 FORELDRAÞÁTTUR

Tillaga 4.1: Stefna um samskipti heimilis og skóla

Tillaga	<i>Stefna um samskipti heimilis og skóla</i>
<b>Rökstuðningur fyrir tillögunni</b>	<p><i>Heimilin/foreldrar eru mikilvægur samstarfsaðili í skólastarfi og því sé mikilvægt að skýra enn frekar þátt foreldra í skólastarfinu og hafa sameiginlegan skilningu á ábyrgð og skyldum allra í skólastarfinu.</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Skýr skráð stefna sé gerð um samskipti heimilis og skóla sem feli í sér hlutverk/markmið (og framkvæmd í því samstarfi)</li> <li>• Stefna um samskipti heimilis og skóla þarf að fela í sér marga þætti, t.d. jákvæðni, virðingu, vera uppbyggjandi, takast á við aga og námsmarkmið sem verði í forgangi.</li> <li>• Aðilar (heimili-skóli) noti skilgreindan vinnutíma til samskipta.</li> <li>• Leyfi nemenda á skólatíma eru of auðveld í framkvæmd í dag og þörf á að ræða með þá framkvæmd og ábyrgð á námi í leyfum.</li> </ul>
<b>Framkvæmd tillögu</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Sérstakur starfshópur verði settur á laggirnar sem útbúi umrædda stefnu. Starfshópurinn geti verið skipaður fulltrúar skólasamfélagsins og skrifstofu fræðslu- og frístundapjónustunnar.</li> <li>• Skólar leiti leiða til að virkja krafta foreldra í skólastarfi.</li> </ul>



FLOKKUR 5

5 VINNUMAT KENNARA

Tillaga 5.1: Skráningar í Vinnustund séu endurskilgreindar

Tillaga	Skráningar í Vinnustund séu endurskilgreindar
Rökstuðningur fyrir tillögunni	<p>Vinnustund (stimpilkukka) mæli eingöngu fasta skólaviðveru kennara sem hafi sveigjanleika innan vikunnar og milli mánuða.</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Skiptar skoðanir meðal kennara um stimpilkukkuna sem skráir upplýsingar í Vinnustund.</li> <li>• Forfallakennsla alltaf skráð sérstaklega og fara þarf yfir sérstaklega á hvern hátt hún hafi áhrif á föstu viðveruna, þ.e. lengd hennar á viku.</li> <li>• Kennsla er þess eðlis að „toppar“ koma alltaf á milli mánuða, mjög óreglulega eftir starfi hver s og eins og skipulags hvers skóla (námsmat, foreldrafundir) svo í fullri raunskráningu skráningu tapast sveigjanleiki sem er innbyggður í starfið.</li> <li>• Aðrar sambærilegar stéttir eru að minnka viðveruskyldu sína og jafnvel í sumum tilfellum vinnutíma innan 100% starfs.</li> <li>• Auka aftur þann sveigjanleika sem hefur verið kostur kennarastarfsins.</li> </ul>
Framkvæmd tillögu	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Skilgreint verði sameiginlega hvað felist í fastri viðveru sem verði skráð í gegnum Vinnustund en utan þess verði undirbúningur kennara (20 mín. á kennslustund) skráður sjálfkrafa.</li> <li>• Skráningu endurmenntunar kennara til viðbótar sé skráð sérstaklega í Vinnustund af kennurum, þ.e. það tekið er af námskeiðum utan vinnudagsins.</li> <li>• Sameiginleg ákvörðun stjórnenda og starfsfólks innan hvers skóla hver viðveran sé.</li> <li>•</li> </ul>

Tillaga 5.2: Sameiginlegur skilningur og útfærsla á B-hluta vinnumats

Tillaga	Sameiginlegur skilningur sé á B-hluta vinnumats
Rökstuðningur fyrir tillögunni	<p>Tillagan miðar að því að ná sameiginum skilningi á því hvað rúmist og felist undir B-hluta í vinnumati kennara.</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Tryggja skal að kennsla og undirbúningur hennar sé í forgangi.</li> <li>• Of mikið er sett inn í B hluta kjarasamnings á kennara í dag sem kemur niður á gæðum kennslunnar í undirbúningi hennar.</li> <li>• Skilgreina þarf tímamagn og verkefni sem eiga að fara undir B hluta.</li> <li>• Gera þarf ráð fyrir kennarar með bekkjarumsjón hafi rúman tíma B-hluta vinnumatsins þar sem margir nemendur eru með greiningar sem krefst af kennurum mikils samstarfs við foreldra, sérfræðinga utan skóla og fagfólk innan skólans.</li> </ul>
Framkvæmd tillögu	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Skilgreina þarf hlutverk kennarans (starfslýsing) og störf hans innan 100% starfshlutfalls.</li> <li>• Skoða fyrir bæinn í heild.</li> </ul>



### Tillaga 5.3: Allir skólar fá árlega sérstakt fjármagn til skólaþróunar

Tillaga	<i>Allir skólar fá árlega sérstakt fjármagn til skólaþróunar</i>
<b>Rökstuðningur fyrir tillögunni</b>	<p data-bbox="427 394 1410 533"><i>Í kjarasamningi grunnskólakennara og sveitarfélaga er gert ráð fyrir að skólar geti fengið fjármagn til skólaþróunar, m.a. í gegnum C-hluta kjarasamnings og TV einingar. Gerð er tillaga um að ákveðið fjármagn renni árlega til skólanna í því samhengi.</i></p> <ul data-bbox="427 539 1410 1043" style="list-style-type: none"> <li>• Ákveðin viðfangsefni verði föst í C-hluta, t.d. fagstjórn (þ.m.t. samfella kennslu-/skólastiga), teymisstjórnun, handleiðsla nýrra kennara, sérstök innleiðingarverkefni skóla (t.d. læsisverkefni, UT verkefni), Evrópsk samstarfsverkefni, „umframtímar“ á viku, t.d. mikið foreldrasamstarf, „nýtt námsmat“ o.fl.</li> <li>• Tillagan felur í sér að efla skólaþróun og gefa kennurum í skólum jafnframt tækifæri til starfsþróunar með ábyrgð í sérstökum verkefnum</li> <li>• Þetta er faglega eflandi fyrir skólastarfið, þ.e. ýtir undir skólaþróun og eflir faglegt starf í skólunum.</li> <li>• Skólastarfið þarfnast þess á næstu árum að laða til sín fleira fagfólk, ekki síst karlmenn, og aukið fjármagn til skólaþróunar í Hafnarfirði ýtir undir jákvæð viðhorf til skólastarfsins í Hafnarfirði.</li> <li>• Þetta gæti ýtt undir möguleika Hafnarfjarðar að fjölga fagmenntuðum kennurum umfram önnur sveitarfélög.</li> </ul>
<b>Framkvæmd tillögu</b>	<ul data-bbox="427 1050 1410 1153" style="list-style-type: none"> <li>• Stjórnendur útfæri tillöguna í samvinnu við sviðsstjóra.</li> <li>• Umrætt fjármagn verði skilgreint sérstaklega í fjárhagsáætlun bæjarins á hverju og ráðstafað til skóla eftir stærð þeirra.</li> </ul>



FLOKKUR 6

6 TEYMISSVINNA - B hluti vinnumats

Tillaga 6.1: Teymissvinna í skólum og hlutverk kennara í teyimum verði endurskilgreint

Tillaga	<i>Teymissvinna í skólum og hlutverk kennara í teyimum verði endurskilgreint</i>
<b>Rökstuðningur fyrir tillögunni</b>	<p data-bbox="432 495 1331 667"><i>Meginefni tillögunnar er að skilgreina þurfi betur teymissvinnu skv. B-hluta kjarasamnings og hlutverk kennara í teymissvinnunni. (Athugið að tillagan á aðeins við um formleg teymi en ekki óformlega samvinnu kennara við undirbúning kennslu eins og það snýr að samstarfi í árgöngum, kennlustigum eða einstaka námssviðum.</i></p> <ul data-bbox="432 674 1404 1245" style="list-style-type: none"> <li>• Kennarar fá greitt fyrir teymissvinnu sem tengist ekki beint kennslu þeirra og undirbúningi hennar hjá viðkomandi kennara. Dæmi um slík teymi eru eineltisteymi, SMT-teymi, Lausna-teymi, móttökuteymi og skólaþróunar-teymi hvers konar sem tengjast heildarinnleiðingu í skóla (t.d. heilsueflandi skóli, Skóli á grænni grein, ...)</li> <li>• Teymi sem tilheyra kennslu og undirbúningi hennar sem ekki er greitt sérstaklega fyrir eru t.d. þemavikuteymi, o.þ.h.</li> <li>• Formennska í teyimum skal alltaf greidd sérstaklega en á helst að vera í höndum stjórnenda innan skóla óháð því hvaða teymi er um að ræða. Stjórnendur leiði þannig alla teymissvinnu í grunnskólum sé möguleiki að koma því við og það geti komið niður á kennslunni að kennarar sé settir í of mikla teymissvinnu (teymi), ekki síst umsjónarkennarar.</li> <li>• Kennari hafi val um hvort hann fái sérstaklega greitt fyrir vinnuna í teymi eða minni kennsluskyldu í staðinn fyrir þátttöku í greiðsluskyldum teyimum.</li> <li>• Mikilvægt er að kennarar séu sem minnst í teyimum þar sem kennsla og undirbúningur hennar skal vera aðalverkefni kennarans.</li> </ul>
<b>Framkvæmd tillögu</b>	<ul data-bbox="432 1252 1404 1352" style="list-style-type: none"> <li>• Skilgreina þarf hugtökin teymi og teymissvinna, m.a. til að skilgreina fyrir hvaða vinnu í teyimum skuli greitt og hver ekki. Ein samhæfð skilgreining fyrir Hafnarfjörð þarf að vera til staðar.</li> </ul>



FLOKKUR 7

7 STARFSÞRÓUN (endurmenntun, kennsla, undirbúningur)

Tillaga 7.1: Starfsþróun kennara verði endurskilgreind

Tillaga	<i>Starfsþróun kennara verði endurskilgreind</i>
<b>Rökstuðningur fyrir tillögunni</b>	<p><i>Tillagan miðar að því að skilgreina betur hlutverk kennarans í skólaþróun og starfsþróun þar sem bæði kennara og skóli hafi ákveðnar skyldur og ábyrgð til að fylgja eftir.</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Hver kennari þarf að fá endurmenntun sem endurspeglar þau verkefni sem kennari sinnir í sínu starfi.</li> <li>• Það styrkir ímynd starfsins og ýtir undir frumkvæði kennara að bera ábyrgð á eigin starfsþróun.</li> <li>• Kennari fái meira svigrúm til að velja sér endurmenntun við hæfi.</li> <li>•</li> </ul>
<b>Framkvæmd tillögu</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Kennari skili símenntun og þróunaráætlun í upphafi skólaárs og skili greinargerð í lok skólaárs.</li> <li>• Starfsþróun kennarans (með viðeigandi sí-/endurmenntun) snúist jafnt um möguleika skóla til að efla faglega sérstöðu (skólaþróun) og einstaka kennara.</li> <li>• Útfæra þarf betur hugmyndir um framkvæmd starfsþróunar hjá kennurum í samstarfi skólastjóra og kennara</li> <li>• Koma þarf símenntun kennara í skýrara form miðað við stöðuna í dag, þ.e. samspil milli skólaþróunar (rétt skóla til að setja kennara í símenntun) og starfsþróun (faglega þróun sem fagmaður).</li> <li>• Skólar þurfa aukið fjármagn til að sinna skólaþróun frá því sem er í dag.</li> <li>• Skólar geti ekki sent kennara á námskeið nema að greiða fyrir það.</li> </ul>

Tillaga 7.2: Hafnarfjarðarbær geri kennarastarfið meira aðlaðandi með því að laun endurspegli ábyrgð, umfang og menntun kennara

Tillaga	<i>Hafnarfjarðarbær geri kennarastarfið meira aðlaðandi með því að laun endurspegli ábyrgð, umfang og menntun kennara</i>
<b>Rökstuðningur fyrir tillögunni</b>	<p><i>Tillagan miðar að því að viðurkenna að umfang kennarastarfsins hefur aukist og breyst mikið á undanförunum árum.</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Aukin krafa um menntun kennara.</li> <li>• Verkefni frá opinberum aðilum hafa aukist.</li> <li>• Álag og streitutengdum þáttum fjölga.</li> </ul>
<b>Framkvæmd tillögu</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Viðurkenndur sé á C hluti og TV einingar í kjarasamningi, þ.e. möguleikar á að nýta umrædda þætti til að umbuna kennurum fyrir vinnu sína.</li> </ul>



## Tillaga 7.3: Kennarar og skólastjórnendur fá aukinn stuðning við álagi

Tillaga	<i>Kennarar og skólastjórnendur fá aukinn stuðning við álagi</i>
<b>Rökstuðningur fyrir tillögunni</b>	<p data-bbox="422 347 1380 414"><i>Kennarastarfið er flókið og gerir miklar kröfur til kennara um að mæta þörfum nemenda sem búa við misflóknar aðstæður.</i></p> <ul data-bbox="422 414 1404 716" style="list-style-type: none"> <li>• Stórir nemendahópar og flóknar sérþarfir nemenda búa til krefjandi vinnu-aðstæður fyrir kennara.</li> <li>• Kennarastarfið byggir á miklum samskiptum daginn út og inn sem ýtir undir streituvekjandi þætti sem valda álagi.</li> <li>• Kennarastarfið er krefjandi samskiptastarf og fyrir vikið er hætta á starfsþroti/kulnun í starfi mikil og því er þörf á markvissum, fyrirbyggjandi aðgerðum til að draga úr líkum á slíku. Sá einn getur „brunnið út í starfi“ sem „brennur fyrir starf sitt“!</li> </ul>
<b>Framkvæmd tillögu</b>	<ul data-bbox="422 716 1404 851" style="list-style-type: none"> <li>• Skoðaðir verði ýmsir möguleikar með stuðning í skólum sem forvarnir til að vinna gegn streitu og álagi, s.s. með fræðslu, björgum/fjármagni, jafningja-handleiðslu og ráðgjöf til að takast á við álag í starfi.</li> </ul>



FLOKKUR 8

8 UTANAÐKOMANDI VERKEFNI (sem er sett á skólana)

Tillaga 8.1: Hafnarfjarðarbær geri kröfu um að utanaðkomandi skylduverkefni til skólann séu vel undirbúin.

<b>Tillaga</b>	<i>Hafnarfjarðarbær gerir kröfu um að utanaðkomandi skylduverkefni til skólann séu vel undirbúin</i>
<b>Rökstuðningur fyrir tillögunni</b>	<p><i>Tillagan miðar að því að verkefni sem skólar eru skyldugir að taka þátt í (eins og t.d. samræmd könnunarpróf) séu vel undirbúin svo þau verðskuldi að vera lögð fyrir í grunnskólstarfinu.</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• MMS og MMS þarf að undirbúa betur og styðja við með öflugum hætti innleiðingu nýrra verkefna og þeirra sem til staðar eru nú.</li> <li>• Útfæra þarf aðalnámskrá grunnskóla betur og með skilvirkari hætti svo kennarar viti til hvers er ætlast til af þeim og námskrárvinna í skólum missi ekki marks sökum lélegs undirbúnings eða rangra leiðbeininga til kennara.</li> <li>• Endurskoða þarf innleiðingarferli námsmats skv. nýrri aðalnámskrá.</li> <li>• Hugmyndafræði samræmdra könnunarprófa er ekki í samræmi við stefnuna í aðalnámskrár grunnskóla, þ.e. prófin endurspegla ekki þá aðalnámskrá sem þeim er ætlað að fylgja.</li> <li>• Styðja þarf við innleiðingu á læsisstefnu.</li> <li>• Námsfni þarf að vera í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla.</li> </ul>
<b>Framkvæmd tillögu</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Skrifstofa fræðslu- og frístundaþjónustunnar fylgi eftir því við opinbera aðila, gjarnan í samstarfi við önnur sveitarfélög, að öll skylduverkefni til skóla séu vel undirbúin og fái sem mest að koma að undirbúningi þeirra.</li> </ul>

Tillaga 8.2: Skrifstofa fræðslu- og frístundaþjónustunnar undirbúi verkefni í tíma

<b>Tillaga</b>	<i>Skrifstofa fræðslu- og frístundaþjónustunnar undirbúi verkefni sín í tíma</i>
<b>Rökstuðningur fyrir tillögunni</b>	<p><i>Tillagan miðar að því að kennarar hafi frá hausti yfirsýn á sameiginleg verkefni í bænum svo hægt sé að gera ráð fyrir þeim í kennsluáætlunum skólaársins.</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Í upphafi skólaárs sé búið til heildstætt yfirlit yfirlit verkefni frá fræðslu- og frístundaþjónustu Hafnarfjarðar. Þetta eru verkefni eins Stóra upplestrarkeppnin, Litla upplestrarkeppnin, Smásagnasamkeppnin, námskeið, þátttaka á Björtum dögum, fagfundir o.fl.</li> <li>• Kennsla skólaársins er skipulögð að hausti og því þurfa kennarar að hafa góða yfirsýn yfir verkefni sem koma inn í skólastarfið alveg frá haustinu.</li> <li>• Hafa verður í huga að skrifstofa fræðslu- og frístundaþjónustunnar hefur ekki yfirsýn yfir verkefni sem aðrir aðilar koma með inn í skólastarfið, jafnvel þau sem koma innan úr bæjarkerfinu.</li> </ul>
<b>Framkvæmd tillögu</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Umrætt yfirlit sent til skólanna eigi síðar en í lok ágúst ár hvert.</li> </ul>





## Tillaga 8.3: Takmörkun á aðgengi utanaðkomandi að skólastarfinu

Tillaga	<i>Takmörkun á aðgengi utanaðkomandi að skólastarfinu</i>
<b>Rökstuðningur fyrir tillögunni</b>	<p data-bbox="432 360 1415 423"><i>Tillagan miðar að því að skólar hafi möguleiki að koma í veg fyrir að verkefni komi inn í skólana, sérstaklega ef þau koma með stuttum fyrirvara.</i></p> <ul data-bbox="432 434 1415 678" style="list-style-type: none"> <li>• Það flæðir inn í skólana verkefni allt árið með stuttum fyrirvara.</li> <li>• Fagleg rök þurfa að liggja á bak við það sem tekið er inn og eru skólastjórar lykilaðilar í því að stýra hér, jafnvel verkefni sem koma innan úr bæjarkerfinu.</li> <li>• Kennsla samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla er meginverkefni grunnskóla og önnur verkefni sem óskað er eftir að fari inn í skólana og eru ekki kjarnaverkefni hans séu takmörkuð.</li> </ul>
<b>Framkvæmd tillögu</b>	<ul data-bbox="432 689 1415 799" style="list-style-type: none"> <li>• Óski aðilar eftir því að nýta skólasamfélagið til rannsókna, fræðslu eða annars, er lagt til að slíkt fara í gegnum skólastjóra á tveimur tímabilum, t.d. A frá 1. ágúst til 15. september og B 15. desember til 1. febrúar.</li> </ul>



## FLOKKUR 9

## 9 ANNAD

## Tillaga 9.1: Sameiginlegur samráðsvettvangur sé á milli kennara og skrifstofu fræðslu- og frístundaþjónustu Hafnarfjarðar

<b>Tillaga</b>	<b><i>Sameiginlegur samráðsvettvangur sé á milli kennara og skrifstofu fræðslu- og frístundaþjónustu Hafnarfjarðar</i></b>
<b>Rökstuðningur fyrir tillögunni</b>	<p><i>Tillagan miðar að því að auka skilning milli kennara og skólayfirvalda í Hafnarfirði</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Það er sjónarmið sumra að skólastjórar koma ekki viðhorfum kennara nóg á framfæri við skrifstofu fræðslu- og frístundaþjónustu.</li> <li>• Stjórnendur Sk.st. og bæjarins greinilega ekki meðvitaðir um skoðanir og áherslur kennara sbr.fundi í haust</li> <li>• Það gerir skólastarfið betra hjá Hafnarfjarðabæ</li> <li>• Það styrkir lærdómssamfélagið í grunnskólunum</li> </ul>
<b>Framkvæmd tillögu</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Kennarar velji 1-2 fulltrúa til að hitta aðila skrifstofu fræðslu- og frístundaþjónustunnar reglulega yfir skólaárið.</li> <li>• Tillaga er að samráðsfundir séu 4-6 yfir skólaárið.</li> <li>• Þar er einnig tækifæri til að fylgja eftir tillögum þessa starfshóps.</li> <li>• Farið sé yfir áherslur kennara og aðila skrifstofu fræðslu- og frístundaþjónustunnar á hverjum tíma.</li> </ul>

Samþykkt á fundi starfshópsins þann 1. júní 2017

F.h. starfshópsins

*Vigfús Hallgrímsson*  
 Vigfús Hallgrímsson,  
 þróunarfulltrúi grunnskóla

